

1859. ferðir sínar og annað þess konar til að koma fram böðun fjár-
 14. október. ins til varnar mót kláðasýkinni í nokkrum hreppum í sýslunni. Hinir konunglegu erindsrekar, Tscherning, prófessor, og Jón Sigurðsson, skjalavörður, hafa sent hingað reikning þenna, og getið þess um leið, að það hafi komið til íhugunar hvort sýslumenn almennt ættu heimting á endurgjaldi fyrir ferðir sínar, er þeir tækjust á hendur til að koma fram þeim ráðstöfunum, er miða til að eyða fjárkláðanum; en með því erindsrekarnir ekki hafa viljað færast í fang að ráða sjálfir máli þessu til lykta, hafa þeir skotið því til úrlausnar stjórnarinnar.

Stjórninni þykir nú sem stendur ekki ástæða til að leggja úrskurð á þá hina almennu spurningu er hér ræðir um, þareð það hlýtur að vera komið undir því, hvernig ástatt er í sérhvert skipti, hvort málinu er þannig varið, að endurgjald beri að veita. En það tilkynnist yður, sjálfum yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmdar, og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, að eptir málavöxtum er frá stjórnarinnar hálfu ekkert því til fyrirstöðu, að borgun sú, sem áður er um getið, sé greidd Guðmundsen kammerráði úr jarðabókarsjóði Íslands af fê því, sem til er greint í 22. tölulið í 14. gr. fjárhagslaganna.

14. október. **45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um það, hvort greiða megi til bráðabyrgða úr jafnaðarsjóði amtsins skaðabætur fyrir niðurskurð.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, í bréfi 7. f. m. beðið um leyfi stjórnarinnar, til að mega greiða til bráðabyrgða úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins 150 ríkisdali til Jóns bónda Þórðarsonar á Svínhaga, í skaðabætur fyrir niðurskurð á kláðasjúku og grunuðu fê, er fram fór hjá honum árið 1857 að tilhlutun sýslumanns, og skyldi síðan sjóðnum endurgjaldast þetta aptur af Rangárvalla sýslu.

Í þessu efni er yður það til vitundar gefið, sjálfum yður

til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli, 1859.
 að eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar, getur dóms- 14. október.
 málastjórnin ekki álitid, að greiða beri áðurnefnt fê úr jafn-
 aðarsjóði amtsins.

**46. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 14. október.
 valdanna á Íslandi, um gjald af brauðum til upp-
 gjafapresta og prestaekkna.**

Í bréfi 19. febrúarm. þ. á. hafid þer, herra stiptamtmaður, og þer, háæruverðugi herra, gjört uppástungu um breytingu á reglum þeim, er hingað til hafa verið í gildi, um það, hvernig greiða skuli gjald til fátækra uppgjafa-presta og prestaekkna á Íslandi, það er ákveðid var með konungsbréfum 14. febr. 1705 og 5. júní 1750; og hafid þer þar að auki farið fram á, að tvær hinar eldri matsgjörðir um tekjur prestakalla á landinu, frá 1737 og 1748, verði teknar úr gildi, en aptur á móti verði útveguð staðfesting konungs á matsgjörð þeirri, er samin var um öll brauð á Íslandi árið 1853 (1854).

Stjórnin finnur nú reyndar fyrir sitt leyti ekkert athugavert við uppástungu þá, er hér ræðir um; en með því að hún er mjög ólík uppástungu þeirri, er nefnd sú, er „Synodus” setti í þessu máli, samdi, og lögð var fyrir fund þenna, þykir það réttast, áður en lengra er farið út í málið, að uppástunga yðar sé borin undir álit fundarins, ásamt brauðamatsgjörðinni frá 1853, svo framarlega sem matsgjörð þessi ekki áður hefur verið tekin til yfirvegunar á „Synodus”; en hvort svo sé, er stjórninni ókunnugt.

Þess vegna bið eg yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um það, sem með þarf í þessu efni, og þykir um leið vert að geta þess um brauðamatsgjörð þá, er síðast var nefnd, að stjórninni þótti það undarlegt, að Hólmar í Suðurmúla-prófastsdæmi, sem almennt er álitid eitt af beztu brauðum á Íslandi, er í matsgjörð þessari aðeins talið 492 rd. 62 sk.